

2015:6 • 9. júní 2015

Landsframleiðslan á 1. ársfjórðungi 2015

Quarterly national accounts, 1st quarter 2015

Samantekt

Landsframleiðslan á fyrsta ársfjórðungi 2015 jókst um 2,9% borið saman við 1. ársfjórðung 2014. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, um 9,9%. Einkaneysla jókst um 3,9%, samneysla um 1,5% og fjárfesting um 23,5%. Útflutningur jókst um 2,7% en innflutningur tölvert meira, eða um 17,4%.

Árstíðaleiðrétt landsframleiðsla dróst saman um 1,5% milli 4. ársfjórðungs 2014 og 1. ársfjórðungs 2015. Þar af jókst einkaneysla um 0,8%, samneysla um 0,3% og fjárfesting um 16,1%. Innflutningur jókst um 12,8% á meðan útflutningur jókst um 2,4%.

Tafla 1. Yfirlit
Table 1. Overview


	Verðlag ársins, millj. kr. <i>Current prices, million ISK</i>	Magn- breyting, % frá 1. ársfj. 2014 <i>Volume change, % from 1st quarter 2014</i>	Magnbreyting frá fyrrri ársfj., % ¹ <i>Volume change from previous quarter, %¹</i>	4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1. ársfj. <i>1st quarter</i>
Einkaneysla					
<i>Private final consumption</i>	256.923	3,9	1,6	0,8	
Samneysla	123.726	1,5	0,7	0,3	
Fjármunamyndun	98.749	23,5	-6,9	16,1	
<i>Gross fixed capital formation</i>					
Birgðabreytingar ²	14.822	3,1	
Þjóðarútgjöld alls	494.219	9,9	0,4	3,3	
National expenditure					
Útflutningur vöru og þjónustu					
<i>Exports of goods and services</i>	260.574	2,7	-5,2	2,4	
Innflutningur vöru og þjónustu					
<i>Imports of goods and services</i>	-243.237	17,4	-5,4	12,8	
Verg landsframleiðsla GDP	511.556	2,9	0,2	-1,5	

¹ Árstíðaleiðrétt. *Seasonally adjusted.*

² Hlutfallstölur sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á fóstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*



Mynd 1. Landsframleiðsla, breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs
Figure 1. GDP, volume change over same quarter, previous year




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013–2015. Preliminary figures 2013–2015.

Framsetning talna

Í þeim tilvikum þar sem fjallað er um breytingu á milli samliggjandi ársfjórðunga er miðað við árstíðaleiðréttar tölur, en að öðrum kosti er miðað við óárstíðaleiðréttar tölur.

Mynd 2. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt
Figure 2. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013–2015. Raunbreytingar frá fyrrri ársfjórðungi. Preliminary figures 2013–2015. Change from the previous quarter.

Einkaneysla eykst

Einkaneysla á 1. ársfjórðungi 2015 jókst um 3,9% að raungildi borið saman við 1. ársfjórðung 2014. Milli 4. ársfjórðungs 2014 og 1. ársfjórðungs 2015 jókst einkaneysla um 0,8%.

Samneysla eykst

Samneysla jókst um 1,5% að raungildi á 1. ársfjórðungi 2015 borið saman við sama tímabil árið áður. Samneysla jókst um 0,3% frá 4. ársfjórðungi 2014 til 1. ársfjórðungs 2015. Niðurstöður um fjármál hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2015 verða birtar í Hagtíðindum þann 9. júní 2015.

<i>Fjárfesting eykst</i>	Fjárfesting á 1. ársfjórðungi 2015 jókst um 23,5% að raungildi borið saman við 1. ársfjórðung árið áður. Fjárfesting atvinnuvega jókst um 35,9% og fjárfesting hins opinbera um 0,9% en á sama tíma dróst íbúðafjárfesting saman um 3,7%.																																				
	Inn- og útflutningur skipa og flugvéla kemur með beinum hætti fram í fjárfestingu en jafnframt til frádráttar sem innflutningur (eða útflutningur) og hefur því lítil sem engin áhrif á landsframleiðslu. Að frádrégninni fjárfestingu í skipum og flugvélum jókst atvinnuvegafjárfesting um 5,4% og fjárfesting alls um 2,9% borið saman við sama ársfjórðung síðasta árs.																																				
	Fjárfesting jókst um 16,1% á 1. ársfjórðungi 2015 borið saman við 4. ársfjórðung 2014. Þar af jókst fjárfesting atvinnuvega um 24,8% en á sama tíma dróst íbúðafjárfesting saman um 1,2% og fjárfesting hins opinbera um 0,1%.																																				
<i>Birgðir aukast</i>	Birgðaskýrslur Hagstofunnar sýna að á 1. ársfjórðungi 2015 hafa birgðir í heild aukist um 14,8 milljarða króna á verðlagi ársins. Vegna aukins loðnuafa jukust birgðir sjávarafurða verulega á 1. ársfjórðungi eða um 17,5 milljarða króna. Á sama tíma drögust birgðir afurða stóriðju saman um 2 milljarða króna og birgðir rekstrarvara um tæpar 700 milljónir króna.																																				
<i>Þjóðarútgjöld aukast umfram landsframleiðslu</i>	Þjóðarútgjöld jukust um 9,9% að raungildi á 1. ársfjórðungi borið saman við 1. ársfjórðung 2014 öðru fremur vegna aukningar í fjármunamyndun og birgðum. Frá 4. ársfjórðungi 2014 til 1. ársfjórðungs 2015 jukust þjóðarútgjöld um 3,3%, einkum vegna aukningar í fjárfestingu.																																				
<i>Innflutningur eykst umfram útflutning</i>	Útflutningur á 1. ársfjórðungi 2015 jókst um 2,7% að raungildi borið saman við 1. ársfjórðung 2014. Þar af jókst þjónustuútflutningur um 7,6% en vöruútflutningur dróst saman um 0,8%. Á sama tíma jókst innflutningur um 17,4%. Þar af jókst þjónustuinnflutningur um 5,2% og vöruinnflutningur um 24,7%.																																				
	Landsframleiðslan jókst því minna en sem nam vexti þjóðarútgjalda, eða um 2,9% samanborið við 9,9% aukningu þjóðarútgjalda. Mynd 3 sýnir hlutdeild einstakra liða í hagvexti frá sama ársfjórðungi fyrra árs.																																				
Mynd 3. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti <i>Figure 3. Contributions to growth by expenditure items</i>																																					
<table border="1"> <thead> <tr> <th>Quarter</th> <th>Einkaneysla (%)</th> <th>Samneysla (%)</th> <th>Fjármunamyndun (%)</th> <th>Birgðabreyting (%)</th> <th>Utanríkisviðskipti (%)</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>2014 Q1</td> <td>2.5</td> <td>0.5</td> <td>-3.0</td> <td>-0.5</td> <td>-0.5</td> </tr> <tr> <td>2014 Q2</td> <td>2.5</td> <td>0.5</td> <td>1.5</td> <td>-0.5</td> <td>-0.5</td> </tr> <tr> <td>2014 Q3</td> <td>0.5</td> <td>3.5</td> <td>0.5</td> <td>-3.5</td> <td>-0.5</td> </tr> <tr> <td>2014 Q4</td> <td>2.5</td> <td>2.0</td> <td>0.5</td> <td>-4.5</td> <td>-0.5</td> </tr> <tr> <td>2015 Q1</td> <td>0.5</td> <td>3.0</td> <td>0.5</td> <td>-4.5</td> <td>-0.5</td> </tr> </tbody> </table>		Quarter	Einkaneysla (%)	Samneysla (%)	Fjármunamyndun (%)	Birgðabreyting (%)	Utanríkisviðskipti (%)	2014 Q1	2.5	0.5	-3.0	-0.5	-0.5	2014 Q2	2.5	0.5	1.5	-0.5	-0.5	2014 Q3	0.5	3.5	0.5	-3.5	-0.5	2014 Q4	2.5	2.0	0.5	-4.5	-0.5	2015 Q1	0.5	3.0	0.5	-4.5	-0.5
Quarter	Einkaneysla (%)	Samneysla (%)	Fjármunamyndun (%)	Birgðabreyting (%)	Utanríkisviðskipti (%)																																
2014 Q1	2.5	0.5	-3.0	-0.5	-0.5																																
2014 Q2	2.5	0.5	1.5	-0.5	-0.5																																
2014 Q3	0.5	3.5	0.5	-3.5	-0.5																																
2014 Q4	2.5	2.0	0.5	-4.5	-0.5																																
2015 Q1	0.5	3.0	0.5	-4.5	-0.5																																
Skýring Note: Bráðabirgðatölur. Breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs. <i>Preliminary figures. Change over same quarter, previous year.</i>																																					

Vöru- og þjónustuviðskipti


Samanlagður afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum var um 17,3 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2015 sem er hærri fjárhæð en á sama tímabili árið áður (14,6 milljarðar króna á verðlagi þess árs). Vöruskiptajöfnuður var neikvæður um 2,1 milljarð króna. Vöruútflutningur nam 159,4 milljörðum króna og vöruinntflutningur nam 161,5 milljörðum króna. Á sama tíma var þjónustujöfnuður jákvæður um 19,5 milljarða króna. Útflutningur á þjónustu nam 101,2 milljörðum króna og innflutningur á þjónustu nam 81,8 milljörðum króna.

Hagþróun erlendis

Í helstu viðskiptalöndum Íslands var ársbreyting landsframleiðslunnar á 1. ársfjórðungi mest í Bandaríkjunum 2,7%. Í Noregi og Svíþjóð var hagvöxtur 2,6%, Bretlandi 2,4%, Hollandi 2,2%, Danmörku 1,7%, Þýskalandi 1,0% og Frakklandi 0,7%. Aftur á móti var samdráttur í Japan 1,4%.

Mynd 4. Ársfjórðungslegur hagvöxtur í nokkrum löndum

Figure 4. Quarterly growth rates of GDP in selected countries



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013–2015. Ársbreyting eftir ársfjórðungum. Ísland óárstíðaleiðrétt. Preliminary figures 2013–2015. Change over same quarter, previous year. Iceland not seasonally adjusted.

Heimild Source: Efnahags- og framfarastofnunin. OECD.

Árstíðaleiðréttning

Með árstíðaleiðrétti á tímaröðum er leitast við að greina og fjarlægja árstíðabundnar sveiflur í gögnum. Meginmarkmiðið með því er að auðvelda samanburð talna innan hvers árs og milli samliggjandi ársfjórðunga.

Hagstofan árstíðaleiðréttir ársfjórðungslega þjóðhagsreikninga með óbeinum hætti, en það er sú aðferð sem vinnuhópur á vegum Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) og Seðlabanka Evrópusambandsins (ECB) mælir með og er oftast notuð í Evrópu. Aðferðin er talin henta best þegar árstíðabreytingar undirliða eru ólíkar. Þegar óbein aðferð er notuð við árstíðaleiðrétti eru undirliðir árstíðaleiðréttir og tengdir saman til þess að fá fram heildarstærðir (t.d. þjóðarútgjöld eða landsframleiðslu).

Meiriháttar breytingar í efnahagslífi eins og efnahagshrun og óreglubundnir liðir, sem geta sveiflast verulega, hafa mikil áhrif á árstíðaleiðrétinguna. Því smærra sem hagkerfið er, því meira vægi hafa ýmsir óreglulegir liðir. Niðurstöður fyrir árin 2013–2015 eru bráðabirgðatölur sem breytast eftir því sem ýtarlegri upplýsingar liggja fyrir og þar með breytast árstíðaleiðréttu niðurstöðurnar einnig.

**Ýtarleg sundurliðun
er birt á vefnum**

Ýtarleg sundurliðun á ársfjórðungsefninu er á vef Hagstofunnar. Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnaði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á vefnum er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti með árið 2005 sem viðmiðunarár.

Tölur um 2. ársfjórðung 2015

Niðurstöður um landsframleiðslu á 2. ársfjórðungi 2015 verða birtar í Hagtíðindum 11. september 2015, samtímis endurskoðun á árstöldum.

Almenna reglan við reglubundna endurskoðun þjóðhagsreikninga er að í útgáfum mars og september geta niðurstöður síðustu fjögurra ára breyst. Til viðbótar eru meiri háttar endurskoðanir gerðar sérstaklega þegar um grundvallarbreytingar á aðferðafræði er að ræða. Slík breyting mun eiga sér stað í september sem nær lengra aftur í tímann. ESA2010 staðallinn var tekinn í notkun í september 2014, en þá tókst ekki að ljúka innleiðingu hans að fullu. Helstu breytingar á niðurstöðum verða vegna rannsókna og þróunar og eru þær tilkomnar vegna nýrra og betri grunngagna. Gagnasöfnun fyrir birgðir hefur einnig verið bætt og verða niðurstöður vegna þessa einnig endurmetnar.

English summary

Non-seasonally adjusted figures indicate a year-over-year (YOY) increase in GDP by 2.9% for the 1st quarter of 2015. Total domestic expenditure increased by 9.9%. Household final consumption increased by 3.9%, government final consumption by 1.5% and gross fixed capital formation by 23.5%.

The change in Gross fixed capital formation is led by a 35.9% increase in business sector investment. Residential construction decreased by 3.7% and government investment increased by 0.9%.

Seasonally adjusted GDP¹ in the 1st quarter of 2015 decreased by 1.5% from the previous quarter. Total domestic final expenditure increased by 3.3%. Household final consumption increased by 0.8%, government final consumption by 0.3% and gross fixed capital formation by 16.1%. Exports increased by 2.4% while imports increased by 12.8% in the 1st quarter of 2015 as compared with the 4th quarter of 2014.

National Accounts for the 2nd quarter of 2015 will be published on the 11th of September 2015.

In September 2015 Statistics Iceland will revise some series backward. Major revision following ESA 2010 will be implemented. This is mainly connected to the R&D investment measurement by utilising new and better source data that have become available. Data collection for inventories has been improved leading to revision of older results.

¹ During economic turbulence, like at the present time, major structural changes have effects on seasonally adjusted results that can be more volatile than would be the case otherwise. For small countries irregular items also have a great impact on seasonally adjusted results and make it more difficult to detect seasonality in the data and quarterly GDP estimates can become even more unstable. The seasonal results should therefore be interpreted with care.

Tafla 2. Landsframleiðsla eftir ársfjórðungum 2011–2015

Table 2. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2011–2015

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Verðlag hvers árs, millj. kr.								
<i>Million ISK at current prices</i>								
2011	878.950	419.389	263.693	3.357	1.565.389	959.867	-822.105	1.703.151
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	203.192	99.714	53.828	18.112	374.846	203.727	-176.452	402.121
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	219.563	106.030	62.036	-4.756	382.873	238.102	-203.399	417.577
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	217.549	105.448	65.601	-4.057	384.540	281.505	-217.975	448.070
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	238.646	108.197	82.227	-5.941	423.129	236.533	-224.279	435.383
2012	946.707	435.213	287.389	1.800	1.671.109	1.009.937	-900.800	1.780.245
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	222.647	104.875	73.041	19.361	419.924	225.515	-210.658	434.781
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	239.746	110.401	77.354	-11.152	416.349	257.831	-242.680	431.499
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	228.381	107.576	66.562	-68	402.450	284.079	-224.590	461.939
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	255.933	112.361	70.433	-6.341	432.386	242.512	-222.873	452.025
2013¹	984.308	457.518	290.467	-4.953	1.727.340	1.045.937	-892.383	1.880.893
1. ársfj. <i>1st quarter¹</i>	231.304	110.780	65.457	13.950	421.491	237.487	-206.619	452.359
2. ársfj. <i>2nd quarter¹</i>	246.426	116.342	75.294	-3.680	434.382	248.162	-226.075	456.469
3. ársfj. <i>3rd quarter¹</i>	238.943	112.866	73.185	-5.479	419.515	302.880	-230.353	492.043
4. ársfj. <i>4th quarter¹</i>	267.634	117.530	76.531	-9.744	451.951	257.408	-229.337	480.022
2014¹	1.048.471	484.262	331.341	1.434	1.865.508	1.065.915	-938.088	1.993.336
1. ársfj. <i>1st quarter¹</i>	244.739	116.448	77.558	49	438.794	222.885	-208.333	453.345
2. ársfj. <i>2nd quarter¹</i>	264.144	122.640	75.004	2.046	463.834	253.905	-235.266	482.473
3. ársfj. <i>3rd quarter¹</i>	253.125	120.039	92.641	-2.309	463.496	323.872	-256.457	530.911
4. ársfj. <i>4th quarter¹</i>	286.462	125.135	86.137	1.650	499.384	265.254	-238.032	526.606
2015¹
1. ársfj. <i>1st quarter¹</i>	256.923	123.726	98.749	14.822	494.219	260.574	-243.237	511.556

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2011–2015
Table 3. Annual GDP volume growth 2011–2015

	Einkaneysla <i>Household</i>	Samneysla <i>Government</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar ¹ <i>Changes in inventory¹</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreytingar frá sama								
timibili árið áður, %								
<i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>								
2011	2,6	1,2	11,6	0,3	3,9	3,4	6,9	2,4
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,6	1,0	6,1	1,4	3,3	4,3	3,9	3,3
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,9	0,8	3,5	0,9	4,4	-0,8	5,9	1,0
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,1	1,2	7,3	-1,0	1,7	7,7	6,8	3,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	2,7	1,8	27,7	-0,2	6,2	2,3	10,3	2,2
2012	2,0	-1,7	5,6	0,0	1,6	3,7	4,7	1,3
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,3	-2,1	32,7	0,5	6,0	5,7	10,5	3,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	2,4	-2,5	20,7	-1,5	2,3	6,6	13,2	-0,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,7	-2,0	-0,1	0,8	1,0	3,3	3,8	1,3
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	2,4	-0,1	-19,2	0,2	-2,4	-0,6	-6,9	0,7
2013²	0,5	0,7	-1,0	-0,5	-0,2	6,9	0,3	3,6
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	-0,1	1,8	-15,4	-1,7	-4,3	3,8	-5,5	0,5
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	0,2	1,0	-1,5	1,8	2,2	3,0	-1,7	4,7
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	1,1	0,1	6,9	-1,1	0,8	8,7	1,7	5,1
4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i>	0,8	0,1	7,8	-0,9	0,7	11,4	6,5	3,8
2014²	3,7	1,8	13,7	0,3	5,3	3,1	9,9	1,9
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	3,5	1,5	18,3	-3,1	2,1	4,7	10,9	-0,2
2. ársfj. ² <i>2nd quarter²</i>	4,6	2,1	-2,4	1,3	3,9	4,8	7,1	3,0
3. ársfj. ² <i>3rd quarter²</i>	2,2	1,4	26,1	0,7	6,8	5,7	15,1	1,7
4. ársfj. ² <i>4th quarter²</i>	4,5	2,1	14,2	2,3	8,2	-2,9	6,7	3,0
2015²
1. ársfj. ² <i>1st quarter²</i>	3,9	1,5	23,5	3,1	9,9	2,7	17,4	2,9

¹ Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu sama fjórðungs fyrra árs, keðjutengdu verðmæti, viðmiðunarár 2005. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP in the same quarter of the previous year, chain-volume measures, reference year 2005.*

² Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu 2011–2015, árstíðaleiðrétt
 Table 4. Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2011–2015

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- Flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreyting frá fyrrí							
ársfjórðungi, %							
<i>Percentage change on the previous quarter</i>							
2011							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,1	1,9	-8,9	-0,4	-5,5	-2,7	-1,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,6	0,1	4,8	1,4	0,0	-0,4	1,5
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,3	0,1	4,9	1,5	7,1	4,8	2,9
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,3	-0,7	28,0	3,7	4,0	8,8	1,5
2012							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,9	-1,6	-6,9	-0,6	-6,0	-2,6	-2,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,3	-0,0	-3,8	-1,3	2,3	1,8	-0,7
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-0,3	0,5	-12,0	-1,4	6,7	-3,9	4,3
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,8	0,6	2,1	0,4	-5,6	-2,4	-1,6
2013¹							
1. ársfj. <i>1st quarter¹</i>	-0,8	0,1	-0,9	-1,0	3,2	-0,7	1,3
2. ársfj. <i>2nd quarter¹</i>	0,2	-0,3	11,0	2,4	-0,3	5,7	-0,7
3. ársfj. <i>3rd quarter¹</i>	1,3	0,2	-5,5	-0,9	8,1	-0,5	3,9
4. ársfj. <i>4th quarter¹</i>	0,0	0,3	3,4	0,8	1,3	2,2	0,4
2014¹							
1. ársfj. <i>1st quarter¹</i>	1,5	1,0	8,6	1,6	-3,2	3,4	-1,9
2. ársfj. <i>2nd quarter¹</i>	1,2	0,5	-8,3	0,9	-0,7	2,0	-0,6
3. ársfj. <i>3rd quarter¹</i>	0,4	0,0	23,0	4,1	7,2	6,8	4,2
4. ársfj. <i>4th quarter¹</i>	1,6	0,7	-6,9	0,4	-5,2	-5,4	0,2
2015¹							
1. ársfj. <i>1st quarter¹</i>	0,8	0,3	16,1	3,3	2,4	12,8	-1,5

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Tafla 5. Hlutdeild í hagvexti 2011–2015

Table 5. Contribution to growth 2011–2015

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Hlutdeild í hagvexti							
frá fyrri ársfj., %							
% points contributions to growth in GDP from previous quarter							
2011							
1. ársfj. 1st quarter	-1,7	0,1	-1,5	0,6	-1,5	2,1	-1,9
2. ársfj. 2nd quarter	0,8	0,0	0,7	-0,2	0,0	0,2	1,5
3. ársfj. 3rd quarter	0,2	0,0	0,7	0,3	3,7	-2,1	2,9
4. ársfj. 4th quarter	0,1	-0,2	4,1	-0,8	2,2	-3,9	1,5
2012							
1. ársfj. 1st quarter	0,9	-0,1	-1,1	0,9	-1,1	-2,2	-2,7
2. ársfj. 2nd quarter	0,2	-0,0	-0,7	-0,6	1,3	-0,9	-0,7
3. ársfj. 3rd quarter	-0,2	0,1	-2,1	0,5	3,9	2,0	4,3
4. ársfj. 4th quarter	0,4	0,1	0,3	-0,3	-3,3	1,2	-1,6
2013¹							
1. ársfj. 1st quarter ¹	0,8	0,6	-0,1	-0,5	0,9	-0,3	1,3
2. ársfj. 2nd quarter ¹	0,1	-0,1	1,6	0,5	-0,2	-2,7	-0,7
3. ársfj. 3rd quarter ¹	0,7	0,1	-0,9	-0,8	4,6	0,3	3,9
4. ársfj. 4th quarter ¹	0,0	0,1	0,5	0,1	0,8	-1,1	0,4
2014¹							
1. ársfj. 1st quarter ¹	1,4	0,8	1,3	-0,5	-4,9	-0,1	-1,9
2. ársfj. 2nd quarter ¹	0,6	0,1	-1,4	1,5	-0,4	-1,0	-0,6
3. ársfj. 3rd quarter ¹	0,2	0,0	3,6	-0,2	4,0	-3,5	4,2
4. ársfj. 4th quarter ¹	0,8	0,2	-1,3	0,6	-3,0	2,8	0,2
2015¹							
1. ársfj. 1st quarter ¹	-0,3	0,1	2,1	0,0	-1,5	-1,9	-1,5

Skýring Note: Miðað er við árstíðaleiðréttar tölur. Calculated from seasonally adjusted series.

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Tafla 6. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2011–2015, árstíðaleiðrétt
 Table 6. Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2011–2015

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreyting frá sama							
tímabili árið áður, %							
<i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>							
2011	2,6	1,2	11,6	3,9	3,4	6,9	2,4
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,2	0,9	3,9	0,9	3,0	4,0	0,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,2	1,2	2,7	4,2	-2,0	5,8	0,3
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,9	1,3	10,0	4,2	7,3	6,9	4,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	2,1	1,4	28,3	6,4	5,3	10,5	4,0
2012	2,0	-1,7	5,6	1,6	3,7	4,7	1,3
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	3,1	-2,1	31,0	6,1	4,7	10,6	3,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,8	-2,2	20,2	3,3	7,1	13,0	0,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,2	-1,8	0,8	0,3	6,6	3,7	2,3
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,7	-0,5	-19,6	-2,8	-3,2	-7,0	-0,9
2013¹	0,5	0,7	-1,0	-0,2	6,9	0,3	3,6
1. ársfj. <i>1st quarter¹</i>	-0,0	1,2	-14,4	-3,2	6,3	-5,2	3,2
2. ársfj. <i>2nd quarter¹</i>	-0,1	0,9	-1,1	0,4	3,6	-1,7	3,3
3. ársfj. <i>3rd quarter¹</i>	1,5	0,6	6,2	0,9	5,0	1,8	2,8
4. ársfj. <i>4th quarter¹</i>	0,7	0,3	7,5	1,2	12,7	6,6	5,0
2014¹	3,7	1,8	13,7	5,3	3,1	9,9	1,9
1. ársfj. <i>1st quarter¹</i>	3,0	1,3	17,8	3,9	5,7	11,0	1,7
2. ársfj. <i>2nd quarter¹</i>	4,0	2,0	-2,6	2,4	5,2	7,2	1,8
3. ársfj. <i>3rd quarter¹</i>	3,1	1,8	26,7	7,6	4,3	15,1	2,1
4. ársfj. <i>4th quarter¹</i>	4,7	2,1	14,1	7,2	-2,4	6,6	1,9
2015¹
1. ársfj. <i>1st quarter¹</i>	2,8	1,0	33,1	7,9	4,0	14,0	2,9

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Hagtiðindi **Pjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National accounts**

100. árg. • 19. tbl. 2015:6
ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *PDF*)
Verð kr. Price ISK 900 • € 7
Umsjón Supervision Jón Ævarr Sigurbjörnsson • jon.sigurbjornsson@hagstofa.is

Sími Telephone +(354) 528 1000 © Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Bréfasími Fax +(354) 528 1099 Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series